



Útikennsla á unglíngastigi í Grunnskólanum á Hellu

Andri Freyr Björnsson

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs
Kennaradeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Útikennsla á unglíngastigi í Grunnskólanum á Hellu

Andri Freyr Björnsson

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs
Leiðbeinandi: Eggert Lárusson

Kennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Desember 2016

Útikennsla á unglíngastigi í Grunnskólanum á Hellu

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Andri Freyr Björnsson 2016

Prentun: Háskólaprent.
Reykjavík, 2016

Efnisskrá

1. Formáli	5
2. Inngangur	5
3. Útikennsla og fræðimenn	6
3.1. Hvað er útikennsla?	7
3.2. Kostir útikennslu	8
3.3. John Dewey	9
3.4. Howard Gardner	10
3.5. Er útikennsla nauðsynleg?	10
4. Verkefnalýsing	11
4.1. Ytri Rangá	12
4.2. Oddi	13
4.3. Hellarnir	14
4.4. Kynning á verkefni í kennslustund	15
5. Markmið verkefnis	15
5.1. Hverra er verið að höfða til?	16
5.2. Hvaða árangri á hún að skila?	16
6. Tenging við aðalnámskrá	17
6.1. Samfélagsgreinakennsla	17
7. Hvernig var undirbúningurinn?	17
7.1. Hvað var rannsakað?	18
7.2. Gagnasöfnun	18
7.3. Námsmat	18
8. Fræðilegur hluti	19
8.1. Hellnahellir í Holt og Landsveit	19
8.2. Rangá	20
8.3. Oddakirkja	20
8.4. Hekla	21
9. Lokaorð	24
10. Viðauki	26
10.1. Ytri-Rangá	26
10.2. Spurningar til hliðsjónar fyrir Ytri-Rangá	26

10.3. Oddi.....	27
10.4. Spurningar til hliðsjónar fyrir Odda.....	27
10.5. Hellnahellir í Holt og Landsveit	28
10.6. Spurningar til hliðsjónar fyrir Hellnahelli í Holta og Landsveit	28
10.7. Hekla	29
11. Heimildarskrá	31
11.1. Bækur	31
11.2. Netheimildir.....	32

1. Formáli

Verkefnið mitt á að hvetja unglinga og kennara til þess að velja oftast útikennslu. Aldurshópurinn sem ég miða við er unglिंगastig. Það er alveg ljóst að áhugasviðin hjá hverjum einstaklingi liggja á misjöfnum sviðum. Þess vegna er mjög mikilvægt að hafa fjölbreyttar kennsluaðferðir. Það getur verið lýjandi fyrir suma einstaklinga að vera yfir bókum allan daginn. Sumir ná ekki að halda einbeitingu nógu lengi og þess vegna er útikennsla alveg kjörið tækifæri til að efla kunnáttu og virkja skapandi hugsun hjá einstaklingum. Við erum öll misjöfn og þurfum á mismunandi kennsluaðferðum að halda.

Uppbyggingin mín á þessu verkefni er þannig að fyrri hlutinn gengur út á að útskýra verkefni sem ganga út á rannsóknarvinnu. Þetta eiga að vera þrjár vettvangsheimsóknir sem tengjast sögu og landafræði á einhvern hátt. Staðsetningin verður í nágrenni Hellu.

Gögnin sem ég styðst við eru úr sögulegum bókum, ásamt aðalnámskrá grunnskóla. Greinar á netinu verða með til hliðsjónar. Það er gott að vera með staðreyndir á hreinu áður en kennarinn kynnir nemendum verkefnið. Ef vettvangsheimsóknir og rannsóknarvinna ætla að ganga upp þá þarf undirbúningurinn að vera góður.

2. Inngangur

Bókin „Litróf er kennsluaðferðanna“ er kennslubók sem gengur út á að koma með hugmyndir fyrir kennsluaðferðir í skólum. Útikennsla kemur fyrir í bókinni. Þar er bent á þær staðreyndir að gagnlegt sé að skoða staði í nágrenni skólans. Það er hægt að fara lengra út fyrir

með nemendur sem komnir eru á unglíngastigið. Samfélagsgreinar bjóða upp á ótal möguleika. Saga og landafræði tengjast okkar daglega lífi á hverjum degi. Það getur verið gagnlegt að fara í ferðir og hafa einhvern sem þekkir svæðið vel og segir nemendum frá staðnum í stuttu máli. Eftir kynninguna geta nemendur spurt spurninga til að afla sér heimilda (Ingvar Sigurgeirsson, 1999: 129-130). Útikennsla hefur fengið meira vægi með hverju árinu sem líður. Sjálandsskóli í Garðabæ er talinn vera frumkvöðull í útikennslu á Íslandi. Hann var stofnaður árið 2005. Ég vann þar sem leiðbeinandi í eitt og hálf ár og hreyfst af kennsluháttum og útikennslunni.

Þorpið Hella er lítið bæjarfélag og tilheyrir Rangárþingi - Ytra. Þetta er einungis klukkutíma akstur frá Reykjavík. Íbúar Hellu eru u.þ.b átta hundruð manns. Þetta er lítið bæjarfélag en samt sem áður með mikla sögu á bak við sig. Rangárvallasýsla er þekkt fyrir söguhetjur og sögufrægastaði. Það sem mitt verkefni gengur út á er að rannsaka þrjá staði. Þessir staðir eru Kirkjustaðurinn Oddi, Hellnahellir og Rangáin, þ.e. skoða hvar ytri og eystri árnar mætast. Þetta eru þrjú áhugaverðir staðir og taka tillit til sögu og landafræði. Ég mun styðjast við aðalnámskrá grunnskólanna. Mikilvægt er að nota alltaf nýjustu útgáfu af aðalnámskrá.

Ég ætla að styðjast við fræðimenn í minni ritgerð og notast við þeirra hugmyndir inn í verkefnið mitt. Bókin útikennsla og útinám í grunnskólum ætla ég að hafa til hliðsjónar til þess að byggja upp námsmátið mitt og verkefnið í heild sinni. Ég ætla að hafa Heklu til hliðsjónar og getur það verið hugmynd að staðsetningu fyrir útikennslu. Hjálpargögn og punktar til hliðsjónar verða nemendum aðgengileg fyrir og eftir vettvangsferðina.

3. Útikennsla og fræðimenn

Til þess að þú getir stuðist við þínar hugmyndir varðandi útikennslu í ritgerðinni þá er alltaf jákvætt að vitna í fræðimenn til að trúverðuleikinn verði meiri. Ég ákvað að styðjast við tvö fræðimenn John Dewey og Howard Gardner. Ástæðan fyrir ég valdi þessa tvö heiðursmenn var sú að ég tel að þeirra hugmyndir hafi mótað framtíðarstefnu í útikennslu. Bókin útinám í grunnskólum eftir Auði Pálsdóttur og Ingu Lovísu tel ég að sé góð bók að vitna í til þess að fá útskýringu á útikennslu. Síðasta heimildin í þessum kafla var grein eftir Ann-Helen Oddberg

varðandi kosti í útikennslu. Mér finnst mikilvægt að hafa nægar heimildir til hliðsjónar svo það sé hægt að fá fleiri skilgreiningar á efninu og víkka sjóndeildarhringinn.

3.1. Hvað er útikennsla?

Þegar nemendur byrja skólagöngu sýna þá er mikilvægt að kennarar undirbúi nemendur undir framtíðina og þátttöku í atvinnulífi. Það hefur verið gagnrýnt að hefðbundið skólastarf sé langt frá því að vera eitthvað raunverulegt við heim nemenda. Ennþá þann dag í heyrast ónægjuraddir varðandi kennsluhætti. En merki eru um að tímarnir séu að breytast. Nemendur hafa sýnt útikennslu meiri áhuga. Rannsóknir hafa bent til að útikennsla hafi góð áhrif á nám og þroska nemenda (Inga Lovía Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014: 13).

Ef ég vitna í bókina Emile þá lýsir franskur heimspekingurinn Jean-Jacques Rousseau (1712-1778) því hvernig hann menntaði unga piltinn Emile. Mikið af því sem fór fram í kennslu Jaques var byggt á útikennslu. Þá var kennt hvernig hægt var að vinna verkefni úti í náttúrunni sama og ég byggi mína ritgerð á. Bókin vakti mikla athygli. Enda var hann að gefa inn nýjar hugmyndir inn í skólastarfið og benda á þær staðreyndir að utanbókarlæradómur sé ekki allt. Það er hægt að fullyrða útikennsla er ekki ný af nálinni heldur hafi hún þróast hægt og rólega í gegnum árin. Þess má geta að hugmyndir Rousseaus um menntun voru notaðar sem hugmyndir fyrir nýtt menntakerfi eftir frönsku byltinguna (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014: 14).

Margir hafa velt því fyrir sér hvað er útinám. Það er hugtak sem gengur út að nemandinn lærir eitthvað sem er fyrir utan kennslustofuna. Námið er stundum skipulagt en ekki alltaf þannig. Nemendur geta líka oft uppgötvað eitthvað nýtt sem ekki var búið að skipuleggja (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014: 15).

Það hefur verið vinsælt að nota vettvangsferðir sem afþreyingu fyrir útikennslu í grunnskólum landsins. Það er mjög mikilvægt að kennari sé með réttar kennsluaðferðir áður en haldið er út í vettvangsferð. Tenging við aðalnámskrá þarf að vera skýr og styðjast við þau hæfniviðmið sem er ætlast til af nemendum. Allir Nemendur eiga að vera virkir þátttakendur. Þeir eiga ekki að setjast niður og bíða eftir að kennari mati þá af upplýsingum. Ferðirnar geta því verið alls konar. Það er hægt að fara í stuttar ferðir í umhverfi skólans, eða heimsækja fyrirtæki

svo dæmi séu tekinn. Það er samt alveg ljóst að ferðirnar verða að miðast út frá aldurstigi. Of flókinn verkefni fyrir yngstu börnin eru varasöm og í raun veru þjóna engum tilgangi nema vonbrigðum (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014: 15).

Alltaf er gott að fara aðeins út fyrir landsteinana og skoða hvernig aðrar þjóðir skilgreina útikennslu. Norðmenn og Danir hafa verið mjög framarlega í útikennslu. Þeir tala um útivistarskóla þegar þeir færa kennsluna út fyrir skólastofuna. Íslendingar og Norðmenn hafa oft stuðst við útikennslufræðinginn Arne N. Jordet. „*Hann hefur sagt að útikennsla (n. Uteskole) sé aðferð þar sem hluti kennslunnar er færður út í nærumhverfið og því fylgi að kennslan fari reglulega fram utan skólastofunnar*“ (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014: 18).

Danir hafa notað hugtakið „udeskole“. Sú skilgreining var lögð fram árið 2008. Þeir leggja áherslu á þekkingu og leikni og þú myndir þér þína eigin skoðun varðandi umhverfið og að nemandi geti tengt það við kennsluhætti inni og úti (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014: 19).

3.2. Kostir útikennslu

Kostirnir eru margir. Það losnar um ákveðna orku að fara með nemendur út og kemur á ákveðni ró í kennslustund eftir útiveru og nemendur geta einbeitt sér betur. Nemendur og kennarar ná oftast betur saman með því að ræða hlutina í litlum hópum í staðinn fyrir að tala fyrir framan allan hópinn samtímis. Útivera stuðlar að betra ofnæmiskerfi og minna er um veikindi hjá nemendum jafnt sem kennurum. Útikennsla hefur þann valmöguleika að gefa nemendum kost á því að nota hugmyndarflugið miklu betur. Þá fara þeir kannski að skilja aðstæður betur og ná ákveðnum tengslum við náttúruna og geta þannig notað minnið betur. Sumir nemendur eru kannski ekki nægilega góðir á bókina, en með útikennslu er hægt að virkja nemendur betur sem þjást til dæmis af lesblindu, þeir sem eru lesblindir sjá oft á tíðum hlutina í myndrænum táknum (Ann-Helen Odberg, 2010: 61).

Ég tel að kostirnir séu margir við útikennslu. Núna í dag búa Íslendingar við þann veruleika að símar, tölvur og sjónvörp virðast vera afþreying sem heltekur ungu kynslóðina. Þess vegna er mikilvægt að skólar efli útikennslu til muna og hvetji unglinga til að hreyfa sig.

Það geta komið upp alls konar sjúkdómar í seinni tíð og vandamálin aukast þegar aldurinn verður hærri. Hreyfing og útivera er nauðsynleg og gerir öllum gott.

3.3. John Dewey

Merkismaðurinn Dewey lagði áherslu á samfélag og samvinnu. Hann lagði áherslu á að barnið sé aðalatriði í skólastarfinu en samt sem áður ekki einangrað. Þar sem nemendur hjálpast að, að vinna að sameiginlegum verkefnum undir leiðsögn kennara sem er ekki einræðisherra. Kennarar eiga að koma efninu sem best frá sér og vera fyrirmyndir fyrir nemendur. Margir hafa gagnrýnt menntakerfið. Dewey vildi meina að svo væri ekki. Það væri frekar verið að þróa og bæta kerfið reglulega. Það þarf alltaf að endurnýja hluti og alltaf er hægt að gera betur. En samt sem áður á að bera virðingu fyrir því starfi sem unnið hefur verið á undan (Dewey, John, 2000: 13, 18).

Ég tala um í minni ritgerð að miklu skiptir að vera búinn að kynna sér nemendur vel og láta einstaklinginn sjá um það svið það sem hann er góður í. Það sem ég legg áherslu á er að kennari er ekki einræðisherra heldur sé meira stjórnandi.

Dewey segir hér „*kennaranum ber skylda til að koma á langtum skynsamlegri og þar af leiðandi erfiðari tegund skipulagningar. Hann verður að kynna sér vandlega hæfileika og þarfir þess sérstaklega hóp einstaklinga sem er í hans umsjá og verður um leið að skapa skilyrðin sem leggja til efnivæðinn í þá reynslu og fyrir þær athafnir sem fullnægja þessum þörfum og þroska þessa hæfileika. Skipulagningin verður að vera svo sveigjanleg að svigrúm sé fyrir sérkenni einstaklinga að njóta sín og samt svo föst í sniðum að hún veiti leiðsögn í átt til stöðugt meiri þroska. Þegar menntunin er byggð á reynslu og mönnum skilst að menntandi reynsla er félagslegt ferli verður allt annað upp á teningnum. Kennarinn missir þá stöðu að vera yfirmaður eða einræðisherra utan við hópinn en verður í staðinn stjórnandi hópstarfa“ (Dewey, John, 2000: 68).*

3.4. Howard Gardner

Gardner vildi meina að við ættum að hverfa frá prófum og fylgni og prófa og skoða í staðinn hvernig mannfólkið í heiminum þróar sína færni. Þetta er ábyggilega vafasöm kenning en áhugaverð að skoða. Mitt verkefni þjónar þeim tilgangi að rannsaka sögufrægastaði og náttúruna. Þess vegna hentar Fjölgreindarkenningin vel verkefninu mínu. Ég get stuðst við hana og verið rökfastari á tilgangi mínum með útikennslu með því að vitna í jafn virtan fræðimann og Gardner. Fjölgreindakenningin leggur áherslu á að notast við þær aðferðir að meta árangur nemenda. Kenningin vill að formleg próf eins og samræmdu prófin svo dæmi sé tekið vegi ekki jafn mikið og þau gerðu hérna áður fyrr. Hann vil frekar að rauntengt mat hafi meira vægi. Semsagt verkleg kennsla eigi að gilda hærra. Svo ég útskýri þetta betur þá vil Gardner að verkleg kennsla og sjálfstæð vinnubrögð hafi meira gildi. Skóli á að vera staður til að temja sér rétt vinnubrögð. Hann bendir á þær staðreyndir að það er ekki sjálfgefið að nemendur sem kunna allt utan að séu frábærir starfskraftar. Gardner vil líkja aðstæðum í skóla við raunveruleikann svo nemendur séu tilbúnir að takast á við verkefni framtíðar. Hann ver sýna kenningu með þeim hætti að stöðluð próf meta nemendur við óraunverulegar aðstæður sem eru fjarri raunveruleikanum (Armstrong, Thomas 2000: 100).

3.5. Er útikennsla nauðsynleg?

Það er liggur í augum uppi að samfélagið hefur breyst gríðarlega hratt á síðustu árum. Heimurinn hefur minnkað með tilkomu hnattvæðingarinnar. Atvinnumöguleikar eru miklu meiri. Mikið af fólki flyst erlendis til að fá vinnu við sitt hæfi og við fáum fólk hingað til að þess að vinna vinnu sem hentar þeim. Heimurinn er orðinn alþjóðlegri. Með þessum breytingum þurfa einstaklingar að ganga í gegnum annars konar hæfni. Menntakerfið þarf að vera vakandi fyrir þessum breytingum og leggja áherslu á í nýrri námskrá að hún taki tillit til aðstæðna og fylgi nútímanum. Úreld námskrá er varasamt fyrir samfélög og getur haft í för með sér að menntakerfið staðni. Góð menntun er undirstaða þess að samfélag þróist í rétta átt og velmegun eigi sér stað. Námsárangur nemenda er ekkert leyndarmál lengur. Alþjóðlegar

stofnanir og samtök starfa saman til þess að halda þjóðum á tánum og bera saman lönd og námsárangur (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014: 23).

Margir hafa velt fyrir sér hvers vegna er útikennsla sé svona mikilvæg á þessum tímum í þjóðfélaginu. Við verðum að horfast í augu við þann vanda að hnattvæðingin hefur tekið völdin. Börn og unglingar nota tölvur, sjónvarp og síma sem afþreyingu. Útikennsla skiptir sköpun nú til dags. Einstaklingar hafa aldrei verið jafn lítið úti og nú. Tímarnir hafa breyst. En það sem hindrar kennara í að hafa útikennslu er að hún krefst mikillar vinnu og oft eiga nemendur erfitt með að tengja saman aðstæður inn í skólastofunni og það sem gerist fyrir utan hana. Kennarar hafa kvartað yfir að erfitt sé að stunda útikennslu vegna þess að oft eru þeir með stífa dagskrá sem þeir þurfa að komast yfir. Það er nefnilega þannig að kennarinn verður að komast yfir efnið í bókunum áður en önnin klárast. Sumir hafa líka bent á þær staðreyndir að sumir einstaklingar geta verið veikir þann dag sem farið er í vettvangsferðir og það getur haft áhrif á vinnuframlag þeirra í framhaldinu af verkefninu. Það segir sjálfst að ef útikennsla ætlar að virka sem skyldi þá þarf hún að vera vel skipulögð. Þetta er virkilega erfitt viðfangsefni en krefjandi og krefst þess að kennarar séu vel undirbúnir og búnir að útskýra hvað er útikennsla og hafa skýra stefnu í þeim málum. Að mínu mati er undirbúningur lykilatriði og stefnumótun (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014: 24-25).

4. Verkefnalýsing

Ég ætla að láta nemendur vinna saman í þrem hópum. Heildarfjöldi nemenda í bekknum er fimmtán svo það eru fimm í hverjum hóp. Hóparnir fá mismunandi verkefni til að glíma við. Verkefnið er miðað við nemendur á unglingastigi. Þrjú skólabílar verða notaðir til þess að fara með unglingana á staðinn þar sem verkefnið á að vera unnið. Ég ætlast til þess að nemendur hafi unnið sýna heimavinnu áður en farið verður á staðina. Nauðsynlegt er að hafa kynnt sér staðina mjög vel áður en vettvangsrannsókn hefst. Það getur verið erfitt að vinna í hópum. Þess vegna þarf kennarinn að útskýra verkefnið nægjanlega vel svo það verði ekki ónægja og sumir

einstaklingar gætu orðið útundan. Þess vegna er mikilvægt að kennarinn skipti niður verkum. Kennarinn verður líka að vinna vinnuna sýna eins og nemendur svo allt gangi upp. Þess vegna ætti kennarinn eftir veturinn að hafa áttað sig á styrkleika/ veikleika hjá hverjum og einum einstaklingi. Það er mjög mikilvægt að nemendur fái það verkefni upp í hendurnar sem þeir eru góðir í. Unglingsárin er sá tími sem er viðkvæmur. Þess vegna verðum við að hvetja nemendur áfram og hjálpa þeim í að taka framförum. Það er ekki gott ef einstaklingur finnur fyrir höfnun. Það getur leitt til lítils sjálfstraust þegar kemur á fullorðsárin. Sumir gefast hreinlega upp ef höfnunin verður of mikil (Lilja M. Jónsdóttir, 2001: 5).

4.1. Ytri Rangá

Fyrsti hópurinn skoðar Ytri-Rangá. Lengsta ferðalagið er með þennan hóp enda eru upptökin á Ytri-Rangá, norðvestan til og nær alla leið



Mynd 1: Ægissíðufoss, Ytri Rangá

upp að Sauðafelli. Nemendur verða að hafa glósubók í för með sér og skoða vandlega upptökin. Það er t.d staðreynd að Rangáin er eitt af þeim stærstu lindarsvæðum á Íslandi og skiptist í þrjá hluta. Spurningar eins og þessar, geta kveikt áhugann hjá nemendum. Þess vegna verður efnið áhugaverðara ef nemendur fá að upplifa hina mögnuðu náttúru Íslands (Tómas Einarsson og Helgi Magnússon, 1989: 768).

Næsti áfangastaður er Árbæjarfoss. Hann er mjög merkilegur foss og hefur sýna sérstöðu í Rangárþingi-Ytra. Nemendur fá að upplifa náttúru Íslands beint í æð. Það sem ég krefst af hópnum er að hann geti aflað sér heimilda um, hvar hann er staðsettur. Hverjar eru staðreyndir um fossinn, hvort hann hafi verið virkjaður eða ekki? Ég tek það fram að þetta eru spurningar sem ég væri búinn að láta nemendur hafa áður en lagt er af stað í þessa vettvangsrannsókn. Ég tel að það sé ekki gott að mata nemendur á upplýsingum, heldur hjálpa þeim að koma sér af stað svo hugmyndaflugið fari á fullt þegar komið er á staðinn (Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson, 1987: 229).

Á síðasta staðnum þá ætlar hópurinn að skoða hvar þær sameinast ytri og eystri Rangáin. Ég taldi þetta bestu lausnina að skoða hvar upptökin eiga sér stað, hvar hún endar, og hvar hún sameinast. Ástæðan fyrir þessu er sú að ég vil að nemendur tengi saman hvar hún byrjar og hvar hún sameinast. Þetta tel ég bestu leiðina til þess að kenna unglingum að tengja námsefnið saman á sem auðveldasta hátt. Það væri fjarstæða að byrja t.d á Árbæjarfossi. Það væri bara gert til að rugla nemendur og kenna þeim ranga kennsluhætti að mínu mati. Ég hafði lykilsurningu til hliðsjónar og hún var hver er orsökina að hún sameinist eystri ánni á þessum stað. Ef nemendur átta sig á e.h fleiru þá mega þeir endilega koma með hugmyndir. Enda sem kennari þá stuðla ég að frjálsræði og nýjum hugmyndum og virkja ímyndunaraflíð (Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson, 1987: 9).

4.2. Oddi

Hópur númer tvö ætlar að skoða Odda á Rangárvöllum. Staðurinn er einn merkasti sögustaður á Íslandi. Hann er þekktur sem höfðingjasetur og menntasetur á Íslandi hér áður fyrr. Ég ætla að leggja áherslu á gamlar þjóðsögur. Ferðalagið er stutt og tekur einungis tíu mínútur að keyra á þennan sögufræga stað frá Hellu. Nemendur verða að vera vel undirbúnir og þekkja söguna um staðinn áður en haldið verður af stað. Markmiðið hjá mér sem kennara er að reyna koma efninu eins vel frá mér og ég get. Presturinn í Odda er Elína Hrund Kristjánsdóttir. Ég ætla að hafa samband við hana og biðja hana um að vera tilbúna til þess að svara spurningum frá nemendum mínum. Verkefnið mitt er þannig að ég ætla að hafa tvær þjóðsögur sem þau eiga að kanna ítarlega og tengja við staðinn Odda.

Fyrsta verkefnið er um Sæmund og selinn. Þessi þjóðsaga er mjög þekkt, enda kemur fram í henni hvernig Sæmundur fékk Odda með því að plata Kölska. Annað verkefni er um leiðarlok Sæmundar fróða. Þegar nemendur koma til Odda þá vil ég að þeir finni gróf Sæmund fróða og átti sig á því hvar hann er



grafinn. Síðan er sú þjóðsaga í gangi að Sæmundur fróði sitji alltaf á aftasta bekk í Odda þegar messur eru í gangi. Það gæti verið gaman fyrir nemendur að komast að því af hverju sú þjóðsaga er í gangi og hver séu rökkin fyrir henni (Magnús Grímsson og Jón Árnason, 1997).

Með þessu verkefni er ég að reyna fá nemendur til að lifa sig inn í söguna um Sæmund fróða. Hann var mjög merkilegur maður. Hann er talinn vera sá fyrsti til að setja saman rit um Noregskonunga. Sem því miður týndist eftir hans daga. Þetta verkefni á að reyna vekja áhuga nemenda. Aðalmarkiðið mitt er að nemendur hafi gagn og gaman af þessum ferðum. Þess vegna vil ég hafa þjóðsögur inn í þessu verkefni. Góðar sögur gera verkefnin áhugaverð það er mín reynsla (Tómas Einarsson og Helgi Magnússon, 1989: 754).

4.3. Hellarnir

Þriðji og síðasti hópurinn ætlar að rannsaka Hellnahella í Holta-og Landsveit. Það er ekki almennilega vitað hversu gamall hellirinn sé. Sumir hafa haldið því fram að einhverjir hlutar hans séu frá tíð írskra munkna og Papa. Því hefur verið haldið fram að þeir bjuggu hér fyrir landnám Íslands. Það þarf að fá leyfi til þess að heimsækja staðinn. Áður en haldið verður af stað þá ætla ég að kynna verkefnið lauslega fyrir nemendum. Hellarnir eru í u.þ.b. þrjátíu og fimm kílómetra fjarlægð frá Grunnskólanum á Hellu. Þegar nemendur koma á staðinn þá verður leiðsögumaður á staðnum til þess að segja frá helstu staðreyndum um hellinn. Spurningar verða leyfðar í lokinn. Það er gott að hafa með sér stílabók og blýant til þess að punkta niður. Þessi hópur fær tvær spurningar til hliðsjónar sem ég hef búið til áður en haldið er af stað. Spurning númer eitt gæti hljóðað svo: Hverjir eru taldir hafa búið í hellunum hérna áður fyrr? Spurning númer tvö: Hversu gamall er Hellnahellir talinn vera?

Markmiðið mitt með þessu verkefni er að reyna vekja áhuga nemenda á því hvernig Íslendingar bjuggu hérna áður fyrr. Hellnahellir er lengsti manngerði hellir á Íslandi. Ásamt því að talið er að búið hafi verið í honum fyrir landnám sem þykir býsna merkilegt. Ég vil að nemendur fái sem mest út úr ferðinni. Þetta á að vera skemmtilegt og til gagns og gamans.

Allavega tel ég mjög mikilvægt að útikennsla og vettvangsferðir séu hluti af skólastarfi. Við Íslendingar eigum svo mikla sögu bak við okkur, sem ég tel þess virði að rannsaka og hafa til hliðsjónar (Hellar í Landsveit. Hellnahellir, 2016).

4.4. Kynning á verkefni í kennslustund

Eftir þessar vettvangsferðir þá fá nemendur eina viku til þess að vinna verkefnið og kynna það síðan fyrir samnemendum sínum. Það er frjálts aðferð til að kynna. Ég vil að kynningin sé miðuð við eina kennslustund semsagt fjórtíu mínútur. Þessi kynning tekur u.þ.b þrjár vikur. Ég gef auka plús fyrir frumleika og nýjungar. Það er mikilvægt að hljóð sé í salnum á meðan hóparnir flytja verkefnið. Eftir að verkefninu lýkur þá mega nemendur spyrja úr sal ef einhverjar spurningar vakna. Ég vil að allir í hópnum taki þátt í því að kynna verkefnið. Það er ekki leyfilegt að aðeins einn nemandi tjái sig allan tímann. Það þarf að skipta niður verkum og kemur það í hlut nemenda að finna út úr því sjálfir. Ef það vildi svo til að það koma upp vandamál þá má leita til kennara sem reynir að leysa vandann. En með þessu verkefni þá er ég að reyna á færni nemenda til að starfa saman í hópum og leysa úr vandamálunum á eigin spýtur. Þegar þessir einstaklingar eldast þá þurfa þeir að vinna oft saman í hópum og með öðru fólki. Þess vegna tel ég mikilvægt að undirbúa þau sem fyrst svo þau verði tilbúinn til að takast á við þau verkefni sem bíða þeirra í framtíðinni.

5. Markmið verkefnis

Markmiðið er að kennslan sé færð út fyrir kennslustofuna. Það er gott að brjóta upp kennslu reglulega. Það sem ég vil að nemendur fái út úr þessu verkefni er að þeir átti sig á því að nám er meira en að kunna bara það sem stendur í kennslubókum. Ég vil að nemendur nái tókum á því að tengja atburði inn i minnið svo þeir eigi auðveldara með að komast í gegnum framhaldskóla og sérstaklega háskólanám. Nemendur verða að finna upp sérstaka námstækni svo þeir geti komist í gegnum næstu stig. Utanbókarlærdómur er ofmetinn að mínu mati,

ástæðan er sú að nemendur eru aldrei að fara geta lært allt saman utanbókar þegar líður á námið, þess vegna er best að byrja sem fyrst að undirbúa nemendur undir framtíðina. Verkefnið mitt er ekki utanbókarlærdómur langt því frá. Verkefnið mitt er hugsað til þess að nemendur temji sér vinnubrögð eftir reglum sem þarf að fara eftir svo það gangi upp. Markmið mitt er að nemendur vinni verkefnið fagmannlega og geti sýnt mér fram á þá færni að hafa aflað sér upplýsinga og unnið verkefnið vel og vandlega.

5.1. Hverra er verið að höfða til?

Það er verið að höfða til allra aldurshópa. Ég tel samt sem áður að útikennsla þarf að henta ákveðnum stigum, það er ekki að ganga upp ef unglingastig og miðstig eru með sömu verkefni, útikennsla hentar flest öllum aldurshópum. Það er ráðlagt að börn hreyfi sig minnst sextíu mínútur á dag (Landlæknir, 2015: 6)

5.2. Hvaða árangri á hún að skila?

Markmiðið er að nemendur hafi gagn og að kennslan skili sér seinna meir. Ef litið er til þess hvaða umræður hafa skapast á Íslandi. Þá kemur í ljós að útikennsla stuðlar að betri námsárangri. áhuginn eykst og námsleiði verður oft á tíðum minni. Börn og unglingar þurfa stanslausa örvun, fjölbreytni og áhugi getur skipt miklu máli. Ef ég tek dæmi, ef æfingar eru einhæfar og lítil fjölbreytni getur það leitt til þess að áhuginn verði minni og íþróttin verði ekki jafn áhugaverð og hún getur orðið ef réttar aðferðir eru notaðar. Getur það valdið því að árangur verði ekki í samræmi við getu einstaklingsins. Kennarinn verður líka að hafa í huga að allt sé skipulagt upp á tíu, útikennsla getur líka farið úr böndunum ef hún er illa skipulögð. Kennarinn verður að hafa allt á hreinu til að kennslan gangi upp. Það þarf líka að hafa þá í huga, sem eru með greiningar eða einhvers konar fötlun. Þá þurfa öryggisatriði að vera í lagi (Herdís Friðriksdóttir, 2006).

6. Tenging við aðalnámskrá

Aðalnámskráin er gerð í þeim tilgangi að skólar í landinu geta miðað sig við ákveðinn hæfnisviðmið sem nemendur eiga að vera búnir að ná þegar þeir ljúka hverju stigi fyrir sig. Það getur verið gott fyrir kennara að renna lauslega yfir námskrána öðru hverju og athuga hvort verkefni séu að skila þeim árangri sem ætlast er til af þeim. Það er vert að hafa í huga að samfélagsfræði tengist ekki bara einu sviði. Fög eins og landafræði, saga og þjóðfélagsfræði flokkast undir samfélagsfræði. Það sem ég þarf að miða við er Aðalnámskrá grunnskólanna.

6.1. Samfélagsgreinakenndsla

Samfélagsfræði er sú grein sem á að upplýsa nemendur um jafnrétti og af hverju lýðræði skiptir máli. Samfélagreinasviðið á að þjóna þeim tilgangi að nemendur afli sér upplýsinga um hvað réttlæti felur í sér. Það eru þrjú atriði sem aðalnámskráin leggur áherslu á, það er að gera sér grein fyrir veruleikanum, atriði númer tvö er að nemendur átti sig hver þau eru í raun og veru, átti sig á því hvað er hugarheimur í heild sinni, síðasta atriðið er samskipti, það sem ég hef lagt mikla áherslu á í mínu verkefni. Það verða allir að geta unnið saman svo verkefnið gangi sem hraðast og best fyrir sig, það geta orðið deilur milli nemenda, aðalatriðið er hvernig nemendur ætla að leysa úr vandamálinu og finna góða lausn svo allir geti verið ánægðir með sitt hlutverk. Allir verða að taka tillit til hvors annars og sýna hvort öðru virðingu. Ef þú vilt að aðrir sýni þér virðingu þá verður þú að gjöra hið sama (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011: 195).

7. Hvernig var undirbúningurinn?

Það gekk allt vel að mínu mati við undirbúninginn. Í samráði við Eggert Lárússon leiðbeinanda minn þá ákvað ég að best væri fyrir mig að skrifa um útikennslu í grunnskólanum á Hellu. Við urðum sammála um að ég ætti að skrifa um þetta viðfangsefni enda eru margir

spennandi staðir í Rangárvallasýslu sem hægt er að skoða og tengja við samfélagsfræðigreinar. Ég áttaði mig á að því að það er mjög mikilvægt að vera búinn að ákveða skref fyrir skref hvað þú ætlar að skrifa um. Ef undirbúningur er slakur þá er ekki líklegt að ritgerðin verði skipulögð. Það er oft þannig að skipulagning er alveg jafn mikilvæg og framkvæmd verkefnisins.

7.1. Hvað var rannsakað?

Skípt var í þrjá hópa. Hver hópur fékk eitt viðfangsefni í hendur. Þetta voru þrjár staðir í nágrenni Hellu, þeir eru allir merkilegir á sinn hátt. Það sem ég hafði að leiðarljósi þegar ég valdi þessa þrjá staði var hvort þeir myndu uppfylla þau skilyrði í samræmi við aðalnámskrá. Þeir gerðu það svo sannarlega. Oddi er nær Hvolsvelli en Hellnahellarnir eru uppi í Holt og Landsveit, eystri og ytri-Rangá sameinast við Djúpós. Mér tókst að dreifa stöðunum um Rangárþing-Ytra. Ég tel að ég hafi náð markmiði mínu.

7.2. Gagnasöfnun

Það var mjög þægilegt aðgengi að bókum og upplýsingum um þessa þrjá staði sem ég þurfti að finna heimildir um. Ég fékk góða aðstoð frá móður minni þar sem hún starfaði í grunnskólanum á Hellu hérna áður fyrr. Við fórum eina kvöldstund á bókasafnið í grunnskólanum á Hellu og fundum fræðilegar og skemmtilegar bækur sem ég gat notast við til þess að afla mér heimilda. Ásamt því að nota bækur þá studdist ég við hinar ýmsu greinar á netinu. En ég passaði mig á því að nota ekki greinar nema þær væru fræðilegar og væru viðurkenndar af fagaðilum. Vegna þess að margir geta skrifað á netið og sumar heimildir eru ekki alltaf réttar. Þess vegna áttu að byrja á því að finna sem mest í bókum.

7.3. Námsmat

Hver hópur fær eina kennslustund, fjórtíu mínútur til að koma verkefninu eins vel frá sér og þau geta. Ég dreg niður fyrir verkefnið ef nemendur taka þessu ekki alvarlega. En samt sem

áður legg ég höfuð áherslu á að vera jákvæður og byggja þau upp svo þeim líði vel. Það getur verið erfitt fyrir suma að standa upp og tala, þess vegna þarf andrúmsloftið að vera þægilegt. Áður en fyrirlestrarnir byrja þá læt ég hina tvö hópana hafa jafningamat svo þau fylgist vel með og gefin er einkunn fyrir matið. Ef námsmatið er ekki í lagi þá veit ég að þau voru ekki að fylgjast með og tilætluðum árangri er ekki náð. Ég ætla að byggja jafningamatið á því að nemendur verða að setja fram röksemdarfærslur svo ég sjái að þau skilji hvað hinn hópurinn var að gera. Eftir að fyrirlestrinum lýkur þá verða frjálssar umræður í u.þ.b tíu mínútur, þar fá nemendur tækifæri til að spyrja hinn hópinn spurningar sem þeim langar að vita. Ef enginn vill spyrja fyrst þá verður kennarinn að taka af skarið og byrja að spyrja hópinn, það gæti komið umræðunum af stað. En það er alveg á hreinu ef nemendur fara nákvæmlega eftir öllu því sem ég sagði og fylgja fyrirmælum þá fá þau góða einkunn. Ég vil ekki setja nemendur í einhverja gildru, ég vil frekar að þau átti sig á því að eftir mikla vinnu þá áttu skilið umbun.

8. Fræðilegur hluti

8.1.Hellnahellir í Holt og Landsveit

Þeir hafa verið gerðir af mannahöndum. Það hafa nokkrar þjóðsögur verið á kreiki um hellinn. Ein hljóðar þannig að horfið hafi kálfur og fór maður að leita hans í hellinum. Hann labbaði þá í myrkri þangað til hann heyrði dauft baul fyrir ofan sig. Varð hann mjög hræddur og snéri aftur upp úr hellinum. En hann áttaði sig á því fljótlega að það var gullsandur í skóm hans. Stuttu seinna heyrðist baul undir hjónarúminu á Stóra-Núpi. Rétt hjá Þjórsá var grafið eftir kálfinum, fannst hann þá lifandi en það vantaði á hann rófunu. Síðan er spurning hvort menn vilji trúá þessum sögum en þær eru nú til gamans gerðar (Tómas Einarsson og Helgi Magnússon, 1989: 743).

8.2. Rangá

Rangáin skilur að Rangárvelli og hins vegar Holt og Djúparhrepp. Rennsli hennar er nokkuð jafnt. Árið 1912 var áin fyrst brúuð fyrir ofan Ægissíðu. Núverandi brú við Hellu var byggð 1960, önnur brú er yfir Rangá rétt fyrir ofan Galtalækjarskóg. Það er mjög fallett að horfa meðfram Ytri-Rangá. Tveir glæsilegir fossar eru í ánni, Árbæjarfoss og Ægissíðufoss. Rangáin er þekkt fyrir mikla veiðisögu. Það þykir fínt að veiða í ytri-Rangá, fólk kaupir veiðileyfi fyrir mikla peninga. Þess má geta í lokin að áin sameinast Þverá rétt fyrir neðan Bjóluhverfi og sameinaðar mynda þær Hólsá sem fellur til sjávar milli Vestur Landeyjar og Þykkvabæjar (Tómas Einarsson og Helgi Magnússon, 1989: 768).



Mynd 3: Hólsá, þ.e. þar sem Eystri og Ytri Rangá sameinast

8.3. Oddakirkja

Einn af sögufrægari stöðum á Íslandi. Í margar aldir var kirkjan í Odda ein flottasta kirkjubygging landsins. Oddi hefur það fram yfir aðrar kirkjur að aldrei hefur verið torfkirkja þar. Það þykir nú býsna merkilegt. Talið er að Sæmundur hafi búið í Odda frá 1078-1133. Kirkjan í Odda fékk ýmsar nauðsynjar frá hinum ýmsum stöðum hér áður fyrr. Það féll misjafnlega í kramið hjá bændum. Enda sátu oft vel auðugir prestar í Odda. Árið 1922 var það Oddasöfnuður sem tók að sér Oddakirkju. Það var teiknuð ný kirkjubyggingu, ákveðið var að rífa kirkju Matthíasar Jochumssonar. Guðjón Samúelsson sem teiknaði Hallgrímskirkju var falið það

verkefni að teikna nýja kirkju í Odda. Ákveðið var að byggja kirkjuna úr timbri og hafa 160 sæti. Ef þú ferð inn í kirkjuna þá geturðu séð margar gamlar minjar. Elstu munirnir eru frá 1662 sama ár og Kópavogsamningurinn var undirritaður um einvald Danakonungs sem margir geta deilt um hvort það hafi verið gleðilegt eða ekki. Oddakirkja ákvað að stofna kvenfélag 17. febrúar 1963 sem var mjög gott skref fyrir jafnrétti í landinu. Það er alveg ljóst að Oddi er að mínu mati sögufrægasti staðurinn í Rangárvallasýslu. Sagan er svo sterk og nær svo langt aftur. Þessi staður hafði mikla þýðingu fyrir kristna trú og okkar gildi hér áður fyrir (Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson, 1987:34-36).

8.4. Hekla

Hekla er í uppsveitum Rangárvallasýslu. Fjallið er 1488 metra hátt. Hekla er eitt virkasta eldfjall á Íslandi og þá eru talin með Katla og Grímsvötn. Það hefur gosið átján sinnum í fjallinu á sögulegum tímum. Hérna áður fyrir þá voru ekki til tæki og tól til að mæla möguleg gos svo það var ekki hægt að spá fyrir um eldgos. Árið 2000 var svo sannarlega viðburðaríkt ár og fer í sögubækur á Íslandi. Miklar náttúruhamfarir riðu yfir Suðurlandið. Árið byrjaði með Heklugosi 26. febrúar kl 18:17. Fyrsta vísbending kom fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans kl 17:00. Það var hægt að aðvara fólk og klukkutíma áður en gosið hófst, svo það var hægt að gera



Mynd 4: Hekla

ráðstafanir. Það þykir mildi að gosið skyldi ekki verða á sumri til enda leggja fjölmargir ferðamenn leið sína upp á fjallið og hefði getað skapast hætta. Þetta sama ár 17. júní reið yfir Suðurlandskjálftinn. Fyrsti skjálftinn átti upptök sín upp í Holta-og Landsveit hjá Mykjunesi. Talið er hann hafi verið 6,5 á Richter. 21. júní eða þremur og hálfum degi eftir fyrri skjálftann þá kom annar skjálfti sem átti upptök sín í Flóanum

nálægt hinum fornfræga stað Skálholti, upptökin voru í Hestfjalli. Sá skjálfti var 6,6 á Richter svipað öflugur og sá fyrri. Vísindamenn hafa velt því fyrir sér hvort eldgosíð í Heklu hafi komið jarðskorpunni af stað þetta ár en enginn sönnun er fyrir því. Að sjálfsögðu koma upp spurningar þegar eldfjallið gýs nokkrum mánuðum áður en Suðurlandskjálftarnir ganga yfir hvort það tengist að einhverju leyti (Ragnar Stefánsson, Gunnar B. Guðmundsson og Páll Halldórsson, 2000).

Núna er árið 2016 þegar ég skrifa þessa ritgerð. Ég ætla að byrja rekja gossöguna frá árinu 1947. Eftir eldgosíð 1991 fóru vísindamenn að gera sér grein fyrir að Heklan hafði skipt um gír eftir eldgosíð 1947. Á öldum áður hafði eldfjallið látið sér nægja að gjósa aðeins einu sinni eða tvisvar sinnum á öld. Mynstrið hafði breyst. Núna gaus Hekla reglulega. Merkilegt er að Hekla gaus með rúmlega tíu ára millibili frá árunum 1970-1980-1991-2000. Núna hefur hún legið í dvala, vísindamenn spyrja sig hvort mynstrið sé að breytast aftur og hvort megi vænta þess að stórgos ríði yfir í næsta skipti. Þetta eru að sjálfsögðu getgátur að vissu leyti. En til þess að að komast nær sannleikanum þá verða vísindamenn og þeir sem vinna hjá Veðurstofu Íslands að styðjast við gögn úr fortíðinni og bera saman bækur sínar. Við getum átt von á jarðskjálftum og eldgosum hvenær sem er. Það getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir búfénað og jafnvel kostað mannfólk lífið ef ekki er fylgt fyrirmælum frá Almannavörnum ríkisins.

Það eru u.þ.b. hundrað og tuttugu kílómetra fjarlægð milli Heklu og Lakagíga. Ýmsir aðilar hafa velt því fyrir sér hvort það séu tengsl milli þessara tveggja eldstöðva. Aðrir vísindamenn vilja meina að þessi kenning sé ansi langsótt. Samt sem áður hafa vaknað upp spurningar vegna þessa tenginga. Vísindamenn hafa spurt sig hvort þriðji aðilinn hafi komið við sögu þegar Surtsey gaus óvænt árið 1963. Fjarlægðin milli Lakagíga og Surtseyjar er u.þ.b. 200 km. Ef það er samspil milli þessara þriggja eldstöðva þá er það eitthvað sem þarf að rannsaka, þá verður líka að athuga hinar eldstöðvarnar sem liggja á milli. En það sem mér finnst áhugaverðast er að allar þessar eldstöðvar eru ekkert langt frá hvor annarri. Vísindamenn beina sjónum sínum að Heklu og Kötlu að þær séu næstar. Gosíð í Eyjafjallajökli 2010 olli truflunum á flugi milli landa. Því hefur verið haldið fram að Hekla sé ósjálfstæð eldstöð. Ástæðan er sú að hún hefur ekki sýnt fram á þær breytingar síðustu þrjár aldirnar að taka einhverjum breytingum.

Það er vísindalega sannað að eldvirkni í Vestamannaeyjum og Mýrdalsjökli hafa báðar tekið breytingum (Sigmundur Einarsson, 2010).

Þessa mögnuðu eldstöð þekkja allir Íslendingar og er hún mjög vinsæll staður fyrir erlenda ferðamenn að skoða. Saga Heklu er mikil, fjallið setur mikinn svip á umhverfið. Það er athyglisvert að fjallið liggur í jarðskorpunni undir rótum fjallsins. Menn telja að Hekla hafi byrjað að rísa fyrir u.þ.b. 7000 árum síðan. Það telst ekki vera gamalt. Hekla hefur verið mjög virk og gosið allt að tuttugu sinnum frá Landnámi. Það er alveg hægt að tengja þessa miklu virkni vegna þess að fjallið er á jarðskjálftabelti sem tengist við eystra beltið. Eftir landnám þá gaus fjallið fræga fyrst 1104. Afleiðingarnar urðu miklar, byggð í Þjórsárdal þurrkaðist út vegna gjóskufalls. Árið 1300 varð annað eldgos með hrikalegum afleiðingum, bæir hrundu vegna jarðskjálfta og fólk lét lífið vegna uppskeru og öskufalls. Fólki fyrir norðan var brugðið enda heyrðust drunur og læti, það segir okkur hversu öflugt gosið var. Þess má geta að eldgosíð gekk ekki yfir fyrr en eftir rúmt eitt ár. Árið 1947 minnti Heklan aftur á sig eftir 102 ára hlé. Gosið stóð linnulaust yfir í rúmt ár, krafturinn var mikill í byrjun enda gaus á toppnum. Samkvæmt lýsingum fólks sem var uppi á þessum tíma þá varð allt svart á augabragði. Búfénaður og uppskerubrestur gerði vart við sig. Það er ekki tilviljun að ég skuli velja Heklu sem eitt af viðfangsefnum mínum í þennan fræðilega hluta, þar sem Hella á sterka tengingu við þetta fjall. Frjálsípróttafélagið heitir Hekla, enda er Hekla táknmynd Hellu að vissu leyti og mikilvægt að nemendur kynni sér sögu hennar á ítarlegan hátt. Í lokinn af þessari umfjöllun þá vil ég minna á að Hekla skipar sér stóran sess í sögu Íslands. Að hvaða leyti? Jú hún er þekkt um allan heim. Hérna áður fyrr þá var hún talinn vera annar tveggja innganga að helvíti, hitt helvítið er staðsett á Ítalíu. Í gamla daga þá gengu miklar sögur um þetta fornfræga eldfjall (Árni Hjartarson, 1995: 143-146).

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson fengu styrk frá Dönum að skrifa bók um náttúru Íslands árið 1752. Tveimur árum áður höfðu þeir samkvæmt heimildum gengið fyrstir manna á Hekluna. Danir hrifust af fjallinu mikla og urðu heillaðir upp úr skónum af þessu magnaða umhverfi sem við Íslendingar höfum upp á að bjóða. Nú til dags fara margir erlendir ferðamenn og Íslendingar gangandi upp fjallið. Heklan er og verður alltaf tákn þjóðarinnar fyrir þau harðindi sem við Íslendingar þurfum að ganga í gegnum. Við vitum aldrei hvenær Drottingin eins og hún er kölluð munni láta í sér heyra á ný. Hekla hefur ekki gosið í sextán ár. Sumir eru farnir að bíða

eftir að hún taki sig til, margir óttast að því lengra sem líður á milli því meiri verði ofsinn. Smágosin hafa að sjálfu sér ekki miklar afleiðingar í för með sér. En frásögnin frá 1300 og frá árinu 1947 hafði miklar afleiðingar í för með sér og því ber að varast fjallið ef það byrjar aftur að taka til sín með ofsa eins og hún gerði síðast fyrir rúmum sjötíu árum (Eggert Ólafsson, 1772).

9. Lokaorð

Ég tel að verkefnið mitt þjóni þeim tilgangi að efla útikennslu. Það eru skiptar skoðanir á hversu mikilvæg útikennsla er. Mitt verkefni tekur tillit til nemenda á unglingsviði. Ég ákvað að verkefnið yrði vettvangsferð og nemendur hefðu frjálsar hendur. Ef ég væri með miðstig eða barnastig þá væri mikilvægt að vera með kennslustundina skipulagða til að missa ekki hana út höndunum. Nemendur á unglingsstigi eiga hins vegar að vera búnir að öðlast nægan aga til að geta aflað sér sjálfir upplýsinga og hafa þ.a.l. frjálsar hendur. Náttúran á Íslandi er mögnuð og þess vegna er frábært tækifæri fyrir kennara að virkja útikennslu, sérstaklega á haustin og vorin. Veturinn á Íslandi getur verið frekar harður eins og við öll vitum en ætti ekki að stoppa útikennsluna nema örfá skipti. Mikilvægt er að nemendur klæði sig eftir veðri. Mér fannst virkilega áhugavert að búa til þetta verkefni á þessum tímum í ljósi þess að offita, hreyfingarleysi, síma og tölvunotkun eru vandamál sem er sífellt að verða erfiðara að eiga við. Mikilvægt er að allir í samfélaginu leggi sitt að mörkunum til að sporna við þessari þróun og tel ég útikennslu vera einn lið í því.

Verkefnið gæti verið umdeilt fyrir þær sakir að það þykir of erfitt fyrir nemendur á unglingsviði í ljósi þess að þau eru ekki mötuð af upplýsingum. Til þess að verkefnið myndi hljóta trúverðugleika vitnaði ég í fræðimenn, s.b.r heimildaskrána, því það getur verið varasamt að varpa fram hlutum en hafa ekki góðan rökstuðning. Fræðimennirnir sem ég vitna í eru mjög virtir fyrir sínar skoðanir og komu þeir sínum hugmyndum inn í menntakerfið sem tekið var mark á og stuðst við.

Mikilvægt er að byrja strax að undirbúa nemendur undir næstu skref skólagöngunnar og kenna þeim vinnubrögð sem viðhöfð eru í framhaldsskólum. Hversu oft heyrir maður að nemendur sem ný hafa lokið grunnskóla eiga í erfiðleikum með fyrsta ár í framhaldsskóla. Ég er

alls ekki að ætlast til að nemendur mínir ráði ekki við verkefnið af og frá. Mitt markmið númer eitt, tvö og þrjú er að efla skapandi hugsun og sjálfstæð vinnubrögð. Ef þau lenda í vandræðum þá er ég alltaf til staðar til að leiðbeina þeim. Ég vil hugsa líka um þá nemendur sem glíma við námserfiðleika á unglingsstigi. Það er nefnilega oft þannig að þeir nemendur sem eiga við lesblindu, athyglisbrest og ofvirkni að stríða eru algjörir sérfræðingar í að bjarga sér í aðstæðum þar sem skapandi hugsun ræður ríkjum og ýtir það undir sjálfstraust þeirra nemenda. Mikilvægt er að ýta undir sjálfstraust nemenda og er það í verkefnahring kennarans að allir fái að njóta sína. Góður kennari áttar sig á veikleikum og styrkleikum sinna nemanda. Það er mikilvægt að vera hlutlaus og ekki dæma fyrirfram.

Útikennsla er frekar ung grein í grunnskólum landsins. Hún hefur alltaf verið til staðar að einhverju leyti en talið er að Sjálandsskóli í Garðabæ hafi fært þessa grein upp á annað plan. Það er þó ekki annað hægt en að gleðjast yfir því að fleiri skólar skuli vera farnir að átta sig á mikilvægi útikennslu, þ.á.m. Grunnskólinn á Hellu. Miklir möguleikar eru í útkennslu fyrir skólann á Hellu eins og verkefnið mitt hefur sýnt fram á. Góð dreifing á svæðunum sem ég tek fyrir og ólík viðfangsefni sem hóparnir þurfa að glíma við. Rangáin tilheyrir meira landafræði en Oddi og Hellnahellir flokkast sem sögugrein. Dreifingin heppnaðist fullkomlega að því leyti að viðfangsefnin og staðsetningarnar eru hæfilega langt frá hvoru öðru. Svæðin tilheyra líka sveitarfélaginu Rangárþingi–Ytra þar sem grunnskólinn er staðsettur. Ég ákvað að hafa ekki Heklu inn í verkefninu mínu en ástæðan er sú að keyrslan er of löng upp á Heklu frá Grunnskólanum á Hellu og nemendafjöldi var ekki nægilega stór til að skipta þeim niður í fjóra hópa. Mér fannst samt sem áður brýnt að koma Heklunni inn í fræðilega hlutann vegna þess að hún skipar stóran sess í menningu sveitarfélagsins og er að sjálfsgöðu heimsfrægt eldfjall.

Námsmatið skiptir miklu máli. Þar er verið að meta afraksturinn í heild sinni. Ég ákvað að hafa jafningamat og umræður eftir fyrirlesturinn. Ástæðan fyrir því er að ég vil að allir séu virkir. Það getur verið erfitt fyrir nemendur að halda einbeitingu í 40 mín. Þess vegna verður jafningamatið að hafa vægi og gilda til einkunnar. Eins og ég hef tekið fram hérna áður í ritgerðinni minni að með þessu verkefni er ég að stuðla að samvinnu því mikilvægt er að geta unnið með öðrum.

10. Viðauki

10.1. Ytri-Rangá

Ytri-Rangá hefur verið með fengsælustu veiðiám landsins undanfarinn ár. Fyrir árið 1990 voru skilyrði fyrir sjálfbæran laxastofn og þótti gott ef veiddust yfir fimmtíu laxar. Núna er tíðin önnur. Eftir að það var farið að sleppa gönguseiðum í árnar 1990 þá byrjaði að mokveiðast. Árið 2008 veiddust 14.315 laxar. Það er mesta sem hefur veiðst á stöng einni hérlendis til þessa.

Lokatölur úr Ytri-Rangá frá árunum 2006-2015(Landssamband veiðifélaga, 2016).

Ár	Lax
2015	8.803
2014	3.063
2013	5.461
2012	4.353
2011	4.961
2010	6.210
2009	10.749
2008	14.315
2007	6.228
2006	4.230

10.2. Spurningar til hliðsjónar fyrir Ytri-Rangá

- Hvar eru upptök Ytri Rangá?
- Hvaða tilgangi þjónaði Árbæjarfoss fyrr á öldinni?
- Er Ytri-Rangá vinsæll veiðiá?
- Hvaða fossar renna í gegnum Ytri-Rangána?
- Í Gegnum hvaða kaupún rennur ytri-Rangá?
- Hérna áður fyrr var land milli Ytri-Rangá og Hróarslækjar hvað kallaðist þá staður? (A.t.h. þetta heiti er ekki til í dag)(Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson, 1987).

10.3. Oddi

Einn sögufrægasti staður á Íslandi er í Rangárvallasýslu. Hann heitir Oddi. Ein merkasta ætt Íslandssögunnar bjó þar. Þeir hétu Oddverjar. Sæmundur fróði sem ég fjalla um mikið í mínu verkefni hann var einn lærðasti maður á Íslandi á sínum tíma. Fleiri höfðingjar höfðu aðsetur hér fyrir á öldum þar á meðal Jón Loftsson sem ól upp Snorra Sturluson sem er einn frægasti Íslendingur fyrr og síðar. Oddi hefur verið vinsæll staður og margir sögufrægir Íslendingar búið þar. Allir kannast við Matthías Jochumsson þjóðskáld hann bjó í Odda um tíma. Staðsetningin á Odda er falleg, þar blasir við fallegur fjallahringur. Í fallegum veðrum þegar það er heiðskýrt og logn á vetri til og mikið frost þá er útsýnið mjög fallegt frá Odda. Þar geturðu séð Heklu, Þríhyrning og Eyjafallajökul í allri sinni dýrð.

Merkis menn sem bjuggu á Odda hér áður fyrr (Þór Jakobsson, 2015).

Nöfn	F. d
Sæmundur Fróði Sigfússon	f. 1056-d. 1133
Jón Loftsson	f. 1124-d. 1197
Snorri Sturluson	f. 1178-d. 1241
Matthías Jochumson	f. 1835-d. 1920

10.4. Spurningar til hliðsjónar fyrir Odda

- Hvar er Oddi staðsettur á Íslandi?
- Nefna dæmi um sögur af Sæmundi og Kölska?
- Skoða söguna um Sæmund Fróða þegar hann vann slaginn um Odda?

- Hvaða frægu prestar hafa gegnt embætti í Odda og hvernig tengjast þeir Íslandssöggunni?
- Hvaða frægu ættir bjuggu á Odda hér á öldum áður?
- Hvaða prestur gegnir embætti nú til dags?
- Jón Loftsson ól upp merkisdreng sem er að mörgum talinn merkilegasti Íslendingur fyrr og síðar hvað hét sá drengur og hvaða tengsl hefur hann við Odda?
- Matthías Jochumsson var prestur í Odda á 19 öld. Hvaða texta samdi hann sem sameiningartákn fyrir þjóðina?

10.5. Hellnahellir í Holt og Landsveit

Mjög gagnlegt kort fyrir nemendur til að fara eftir og kennara til hliðsjónar. Til þess að komast á áfangastað og fara rétta leið.



10.6. Spurningar til hliðsjónar fyrir Hellnahelli í Holt og Landsveit

- Hversu langur er Hellnahellir?
- Er Hellnahellir lengsti manngerði hellir á Íslandi?
- Frá hvaða tíð er talið að Hellnahellir hafi verið búinn til og af hverjum?
- Koma bara Írskir munkar til greina að hafa búið til Hellnahelli?
- Var hellirinn búinn til fyrir eða eftir Landnám?

- Tilheyrir Hellnahellir Rangárvallasýslu?
- Er Hellirinn eftirsóttur ferðamönnum?
- Hvaða þjóðsaga er fræg sem gerðist í Hellnahelli?

10.7. Hekla

Skrár um Heklugos:

Ártöl Flateyjarannáls, Arngríms lærða, Resens, Niels Horrebow, Halldórs Jakobssonar, Jónasar Hallgrímssonar, Þorvalds Thoroddsens og Sigurðar Þórainssonar (Árni Hjartarson, 1995: 147).

Flateyjarannál	Arngr. Lærði	Resen	Horrebow	Halldór J.	Jónas	Þorvaldur	Sigurður Þ.
1395	1593	1680	1750	1757	1840	1900	1980
				1004			
				1029			
1104	1104	1106	1104	1105	1104	1104	1104
1157	1157	1157	1157	1157-8	1157	1157	1158
1206		1206		1206	1206	1206	1206
1222	1222	1222	1222	1222-3	1221	1222	1222
		1296		1294	1294	1294	
1300	1300	1300	1300	1300	1300	1300	1300
1341	1341	1340	1341	1340-1	1341	1341	1341
	1362	1362	1362				
				1374			
1390	1389	1389	1389	1390	1389	1389	1389
				1436	1436	1436	
				1510	1510	1510	1510

1558	1558	1554	1554
1558			1578
		1597	1597
	1619	1619	1619
	1692	1693	1693
			1725
		1754	1754
		1766	1766
			1845
			1878
			1947
			1970
			1980

Frásögn af gosinu 1947 í Heklu:

„ Mér varð hugsað til Þjórsárdals hinnar blómlegu landsnámbýggðar er á öndverðri 14.öld eyddist á örskömmum tíma. Þá brunnu skógarlendur Landssveitar og Rangárvalla. Enn kemur útvarpsfregn: „ Stór farþegaflugvél er á leið til Heklu, með flugvélinni er margt stórmenni, stjórnarmeðlimir, náttúrufræðingar, blaðamenn og ljósmyndarar.“ Fréttamaður lýsir hamförum Heklu skáldlegum orðum, hann sér hina miklu gosmekki rísa yfir snævaþakta tindanna, sér glitta í eldstólpa, og ferleg björg þeytast hátt í loft upp.. Ævintýraleg hlutföll eru nefnd og stærðir. Fréttamaðurinn hækkar róminn og segir: „ Það lenti steinn á vélinni, ég sá hann ekki, en það er fullyrt.“ Þannig hljóða fregnirnar. Sagt er frá hraunstraumum er falla frá fjallinu til allra hliða; hraðinn er mikil. Hvernig leið fólkinu fyrr á öldum, er slík býsn gjörðust? Fátt var þá vega, útvarp og ekkert og hesturinn eina faratækið. Ekki gat fólkið, er átti ættingja og vini í heljarklóm Heklu, vitað um afdrif þeirra, fyrr en seint og síðar. Bóndinn sem hreinsaði ösku og vikur af túni sínu og braut gaddinn úr fénaði sínum, horfði með þögullri örvæntingu á bústofn sinn veslast upp, og húsfreyjan hreytti kýrnar sínar, sem misstu hold og nyt, svo að vart var sopavon fyrir holdvana börnin, er nærðust á gjafakorni. Þannig fór óvætturinn Hekla með nágranna sína og enn verr“ (Guðmundur Einarsson og Guðmundur Kjartansson, 1997: 14-15)

11. Heimildarskrá

11.1. Bækur

Armstrong, Thomas. (2000). *Fjölgreindir í Skólastofunni*. Erla Kristjánsdóttir íslenskaði. Reykjavík: JPV útgáfa

Árni Hjartarson. (1995). *Á Hekluslóðum*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Dewey, John. (2000). *Reynsla og menntun*. Gunnar Ragnarsson íslenskaði. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Guðmundur Einarsson og Guðmundur Kjartansson. (1997). *Heklugos 1947*. Reykjavík: Bókútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.

Herdís Friðriksdóttir. (2006). *Skógræktarfélag Reykjavíkur*. Skógartíðindi. Reykjavík: prentsmiðjan ehf.

Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir. (2014). *Útikennsla og útinám í grunnskólum*. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi.

Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Að mörgu að hyggj*. Reykjavík: Æskan.

Lilja M. Jónsdóttir. (2001). *Kennarabók með í fullorðinna tölu*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. (1987). *Sunnlenskar byggðir V*. Suðurland: Prentsmiðjan Oddi.

Tómas Einarsson og Helgi Magnússon. (1989). *Íslands handbókin*. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi.

11.2. Netheimildir

Aðalnámskrá grunnskóla, 2011. Almennur hluti. *Menntamálaráðuneytið*. Sótt 4. október 2016 af <https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Eggert Ólafsson, 1772. Ferðabók Eggerts og Bjarna. *Landsbókasafnið*. Sótt 4. september 2016 af <https://landsbokasafn.is/index.php/news/790/90/Ferdabok-Eggerts-og-Bjarna>

Hellar í Landsveit. Hellnahellir. *Hellar*. Sótt 31. september 2016 af <http://www.hellar.is/1-1-hellarnir-hellnahellir.html>

Landlæknir, 2015. Ráðleggingar um hreyfingu. Sótt 9. október 2016 af http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item11179/NM30399_hreyfiradleggingar_baeklingur_lores_net.pdf

Landssamband veiðifélaga, 2016. Ytri- Rangá & Hólsá, vesturbakki. Sótt 5. september 2016 af <http://angling.is/is/veidivotn/6367/>

Magnús Grímsson og Jón Árnason, 1997. Hver var Sæmundur fróði? *Stofnun Sæmunda Fróða*. Sótt 5. September 2016 af http://www.ssf.hi.is/hver_var_saemundur_frodi_0

Odberg, Ann-Helen, 2010. Almennar kennslustundir-útikennsla. *Landlæknir*. Sótt 1. október 2016 af http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item12214/Handbok-um-hreyfingu_net_Kafli05.pdf

Ragnar Stefánsson, Gunnar B. Guðmundsson og Páll Halldórsson, 2000. Jarðskjálftarnir miklu á Suðurlandi 17. og 21. júní, 2000. *Veðurstofa Íslands*. Sótt 9. Október 2016 af http://hraun.vedur.is/ja/skyrslur/Isl_17og21jun_2000/index.html

Sigmundur Einarsson, 2010. Eldstöðvar á Suðurlandi. *Náttúrufræðistofnun Íslands*. Sótt 21. Október 2016 af <http://www.ni.is/greinar/eldstodvar-a-sudurlandi>

Pór Jakobsson, 2015. Oddafélagið 25 ára. *Dagskráin Fréttablað Suðurlands*. Sótt 13. október 2016 af <http://www.dfs.is/adsendar-greinar/8585-oddafelagie-25-ara>